

Umsögn Íbúaráðs Vesturbæjar um haftengda upplifun og útivist.

- Það verður að hafa veðurfar í huga þegar skoðað eru kosti fyrir hafupplifanir, t.d. er mikið rok norðanmegin hverfisins (Eiðsgrandi, Ánanaust, Grandi) en aðeins meira lægð við Ægisíðu og Skerjafjörð.
- Við teljum það merkilegt að ekki skuli vera betur hlúð að strandmenningu í borginni í ljósi sögu landnáms og lífsbaráttu þjóðarinnar fram eftir öldum. Grásleppuskúrarnir við Ægisíðu eru meira til rómantískrar minningar en notkunar. Ípróttta- og tómstundasvið Reykjavíkur hefur rekið siglingaklúbb í Nauthólsvík um áratugaskeið við mikla ánægju og eftirspurn. Fyrir unglinga og fullorðina má nefna Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey, en Reykjavíkurborg gæti gert meira til að hvetja enn fleiri til að taka þátt í siglingum. Hafið er okkur fjarlægt og ströndin framandi.
- Grímsstaðavörin (við grásleppuskúrana) er líklega hentugasta staðsetning einhverskonar sjósportstengingar í Vesturbænum en lægið við Nýja Skerjafjörð býður líka upp á ýmsa kosti.
- Mikilvægt að huga að þeim áhrifum á upplifun vegfarenda göngu- og hjólastígs suður fyrir flugvöllinn sem nýr vegur fyrir Borgarlínu mun hafa þegar brúin yfir Fossvoginn verður byggð.
- Almennt væri fínt að fá fleiri upplýsingaskilti um náttúruna og umhverfið. T.d. ætti að vera upplýsingar um þang og þara, flóð og fjöru. Það gæti líka verið "fjallasýn" - upplýsingar um fjöllin sem sést á mismunandi stöðum. Upplýsingar um áhrif manneskja á umhverfið - myndrænt - hvernig strandlengjan hefur breyst.
- Sjávarsíðan við Eiðsvík er afar vinsæll útivistarstaður. Það hefur verið kallað eftir því að bæta aðgengið ofan í fjöruna sem mundi meðal annars nýtast útikennslu í Vesturbæjarskóla og Grandaskóla. Sumir kennarar í Vesturbæjarskóla nefna að það virðist vera meira lífríki í fjörunni við Ægisíðu og fara frekar þangað með nemendum í dag.
- Með yngstu íbúa og kennslu í huga gæti verið gott með einhverskonar ker í fjörunni til að setja lífverur í til að skoða. Þá óska sumir kennarar eftir útikennslu aðstöðu.
- Það sem helst hamlar strandlengjunni norðanmegin hverfisins sem útivistarsvæði er umferðin eftir Eiðsgranda og Ánanaust og sérstaklega óaðgengilegar þveranir við hringtorgið við JL-húsið og yfir Ánanaustin. Þar ætti að huga að breytingum t.d. á akreinum Ánanaustar og við hringtorgið til að auðvelda börnum og fullorðnum að komast að sjónum. Svo væri fínt að finna gróður sem þolir veðráttuna og getur temprað vind og skapað mannvænni borgarmynd.
- Listaverkið við Keilugranda er gott dæmi um aðstöðu þar sem umferðin verður lokaður úti og það verður hægt að taka inn hughrif hafsins án truflana.
- Í Vesturbugt er stefnt á íbúðabyggð og leikskóla. Þar ætti hönnun leikskólans að taka mið á sögu svæðisins (við slippinn og Granda) og útisvæðið að sýna fram á tengsl við haf og sjó.
- Óskað er eftir einhverskonar pott og sjóbaðaðstöðu eins og er í vinnslu í gegnum *Hverfið mitt*. Sú hugmynd gæti líka stækkað og það gæti verið útisturta, gufubað og svo framvegis.
- Skjól fyrir þau sem nýta fjöruna, aðstöðu við höfnina til að veiða eða bara fylgjast með því sem fram fer á svæðinu.

Fyrir hönd Íbúaráðs Vesturbæjar,
Stein Olav Romslo, formaður